

26 Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 18. febr. 1—2 stundir síðdegis. Einnig á öðrum tímum, ef spennan er mjög lág.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

27

21. febr.

REGLUGERÐ

um lánasjóð stúdenta.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið lánasjóður stúdenta. Skal sjóðnum varið til að veita stúdentum við háskólann námslán.

Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands í reglugerð þessari, er lokið hafa prófi, er veitir rétt til innritunar í Háskóla Íslands, eru íslenskir ríkisborgarar og skráðir á nemendaskrá háskólans og stunda þar nám reglulega, að dómi kennara sinna.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum: tveim tilnefndum af háskólaráði, tveim af stúdentaráði háskólans og menntamálaráðherra skipar einn án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar síðan formann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnenda. Framangreindir aðilar skulu tilnefna jafnmarga menn til vara og skulu stjórnarmennirnir skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir fyrstu tvö árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti. Stjórnin skal halda gerðabók um störf sín. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála.

3. gr.

Lán úr sjóðnum skulu veitt þeim stúdentum einum, er um getur í 1. gr.

Sé eigi unnt að fullnægja öllum lánbeiðnum, skulu þeir stúdentar ganga fyrir að öðru jöfnu, sem lengst eru komnir í námi eða eru að búa sig undir meiri háttar próf.

4. gr.

Lán skulu veitt tvisvar á ári, í nóvember og marzmánuði. Heimilt er að lána árlega allt að 500 000 krónum. Sjóðsstjórn ákveður, hve mikið fé skal lána hvort skipti.

Umsóknum um lán skal skila eigi síðar en fyrsta þess mánaðar, sem lánin eru veitt, og skal umsóknarfrestur eigi skemmri en þrjár vikur.

5. gr.

Við veitingu lána skal taka tillit til efnahags umsækjanda og hæfilegs náms-tíma hans.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli hæfilegur námstími stúdents, skal sjóðsstjórnin leita umsagnar viðkomandi deildar.

6. gr.

Stúdentar skulu enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% vöxtum á tíu árum. Skulu vaxtagreiðsl-

urnar og afborganirnar hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við 27 próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu 21. febr. fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

7. gr.

Þeir stúdentar, sem stunda nám í verkfræði við háskólann, skulu, meðan eigi er unnt að ljúka þar námi, ekki þurfa að hefja greiðslur vaxta og afborgana, fyrr en þrem árum eftir, að þeir hafa lokið námi erlendis.

8. gr.

Sjóðsstjórnin lætur gera skuldabréf og skulu á það prentaðir skilmálar þeir, er lántaki gengst undir. Lántakendur skulu setja tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur gildar.

9. gr.

Vörzlu sjóðsins, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal fela opinberri bankastofnun.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fresti þá, er um getur í 4. gr., má stytta, þegar veitt eru lán úr sjóðnum í fyrsta skipti. Skal stjórn sjóðsins ákveða þá.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1952, um lánasjóð stúdenta, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. febrúar 1952.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

28

21. febr.

um breyting á reglugerð nr. 185 22. okt. 1951, um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl. samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Árið 1952 skulu iðgjöld samkv. 107. og 112. gr. tryggingalaga nr. 50/1946, sbr. 24. og 25. gr. laga nr. 1/1952, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. laga nr. 50/1946:

a. Kvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 577.00
Á 2. —————	— 459.00

b. Ókvæntir karlar:

Á 1. verðlagssvæði	— 518.00
Á 2. —————	— 414.00

c. Ógiftar konur:

Á 1. verðlagssvæði	— 385.00
Á 2. —————	— 311.00